Nr. 6.
11.
febr.

Lög

um

stofnun barnaskóla á Ísafirði.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Á Ísafirði skal stofna skóla, sem öll börn þau, sem þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir menntaða menn yfir höfuð.

Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í. Kostnaðinn til skóla þessa skal greiða úr bæjarsjóði, að svo miklu leyti sem kennslukaup barnanna og aðrar tekjur skólans ekki hrökkva til.

2. grein.

Landshöfðingjanum yfir Íslandi skal falið á hendur með ráði biskupsins, amtmannsins í vesturamtinu og bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, að skipa fyrir um fyrirkomulag skóla þessa og skyldur bæjarmanna við hann.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 11. dag febrúarm. 1876.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian* R.**

(L. S.)

Nellemann.

Nr. 6.
11te
Febr.

Lov

om

Oprettelsen af en Børneskole i Isafjord.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Isafjord oprettes en Skole, hvor alle der hjemmehørende Børn kunne nyde den Undervisning, som for oplyste Borgere i Almindelighed anses fornøden, og hvori tillige andre Børn kunne optages mod passende Betaling, naar det kan ske uden Afbræk for hine første. De til Skolen medgaaende Udgifter blive, for saa vidt Skolepengene og Skolens øvrige Indtægter ei maatte være tilstrækkelige, at afholde af Kjøbstadens Kasse.

§ 2.

Det overlades til Landshøvdingen, efter at have indhentet Erklæring fra Biskoppen, Amtmanden over Vestamtet samt Kommunalbestyrelsen i Isafjord, at ordne fornævnte Skoles Indretning saa vel som de Indvaanerne med Hensyn til samme paahvilende Forpligtelser.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11te Februar 1876.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.
